

## AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Stígamót, nr. 296/1995,  
með síðari breytingu nr. 343/2019.

1. gr.

Samþykktar hafa verið eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins:

7. gr. skipulagsskrárinnar verður svohljóðandi:

Árlega skal gera reikning yfir rekstur og efnahag stofnunarinnar. Reikningsárið er almanaksárið.

11. gr. skipulagsskrárinnar verður svohljóðandi:

Ársreikningur skal lagður fyrir framkvæmdahóp og skal hann sjá um að ársreikningur berist sýslumanni með tilskildum hætti ár hvert.

Framkvæmdahópur skipar óháðan skoðunarmann reikninga til tveggja ára í senn.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Stígamót staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*F.h. sýslumannsins á Vestfjörðum, 21. maí 2026.*

**Thelma Dögg Theodórsdóttir.**

---

*Martyna Julia Czubaj.*

---

B deild - Útgáfudagur: 5. júní 2026